

LISTIR

Rímað í stíl

MYNDLIST

Ásmundarsafn

HÖGGMYNDIR

Ásmundur Sveinsson. Opið daglega kl. 10–16. Aðgangur kr. 200, sýningarskrá kr. 1200.

framkvæmdir fram yfir aðrar – slík er fjölbreytnin – en þó má benda á innsetningu Andreu Baumann, ljósmyndaverk Einars Óla Ólafssonar, leirverk Hrefnu Harðardóttur, skilgreiningar Magnúsar S. Guðmundssonar, bréfasafn Nínu Magnúsdóttur, fuglahús Péturs Arnar Friðrikssonar og málverk Sigríðar Gísladóttur, svo fátt eitt sé nefnt af því sem stendur upp úr eftir heimsókn á staðinn.

Þó myndlistin fari langt með að fylla „Gullkistuna“, er ýmislegt fleira á boðsstólum, bæði léttvægt og þyngra, fyrir unga sem aldna. Þar má nefna tónleika af ýmsu tagi, ljóðadagskrá, leiksýningar, m.a. barnaleikrit, og loks fjallgöngu, þar sem gengið er á kennileiti sýningarinnar, Gullkistuna efst á Miðdalsfjalli. Fjölbreytnin er þannig mikil, og ánægjulegt til þess að vita að enn geti áhugasamir einstaklingar náð að setja saman svo víðamikla dagskrá á listasviðinu með ánægjuna að leiðarljósi.

Sýningarskrá Gullkistunnar er skemmtilega hönnuð, þar sem er að finna órlitinn texta um það myndlistarfólk, sem tekur þátt í listadögnum, dagskrána í heild, ávarp skipuleggjenda og nokkur orð um staðinn, auk þjóðsögunnar um Gullkistu. Þarna er því komin ágæt heimild um framkvæmdina, sem vert er að halda upp á, því samanburðurinn við næstu listadaga á Laugavatni – því hér verður vonandi framhald á – verður væntanlega fróðlegur.

Ýmsir aðilar hafa stutt við bakið á þeim dugnaðarkonum sem hrintu þessu öllu af stað, og er gaman að sjá í sýningarskrá hversu víðtækur sá stuðningur er, allt frá menntamálaráðuneyti, Laugardalshrepp og menningarsjóði félagsheimila til fjölmargra fyrirtækja, stofnana og einstaklinga, sem einnig hafa lagt sitt af mörkum. Lífandi list þrífst greinilega vel í slíku umhverfi.

Er rétt að hvetja sem flesta til að láta leið sína liggja á Laugavatn þann tíma sem „Gullkistan“ stendur yfir, en þessir listadagar verða vonandi fleiri einstaklingum og sveitarfélögum hvatning til að efla lista- og menningarlífið um landið jafnt að sumri sem vetri, og kynna sérstöðu sinnar heimabyggðar að nokkru í leiðinni.

Eiríkur Þorláksson

Við Íslendingar höfum verið þeirrar gæfu aðnjótandi að fljótlega eftir upphaf þreifinga okkar í nútímalist komu fram nokkrir þeir meistatar sem hafa markað listsýn okkar alla tíð síðan. Við höfum einnig lært að meta stórvirki þeirra betur og betur eftir því sem tíminn hefur gefið okkur aukin tækifæri til að skoða þau í samhengi þess sem aðrir listamenn voru að fást við.

Ásmundur Sveinsson er án efa einn þeirra listamanna sem eiga eftir að vaxa að verðleikum sínum enn um sinn. Í Ásmundarsafni hafa undangengin ár verið settar upp ýmsar sýningar þar sem reynt hefur verið að skoða verk hans frá ólíkum sjónarhornum, t.d. hvað varðar náttúrusýn, vinnuáferðir, túlkun á kvenlíkamanum o.s.frv. Í vor var svo opnuð sýning þar sem leitast er við að sýna verk hans í ljósi þeirrar heildar, sem markast af lífsstarfi hans: Sýningunni „Stíllinn í list Ásmundar Sveinssonar“ er þannig ætlað að skapa heild úr þeim brotum, sem sýningar undanfarinna ára hafa tekið til rannsóknar.

Þetta ætlunarverk er unnið með tvennum hætti, þ.e. annars vegar með sýningunni sjálfri og hins vegar með vel myndskreyttri og handhægri sýningarskrá. Þar hefur Gunnar B. Kvaran listfræðingur skrifað aðgengilega og afar fróðlega ritgerð um viðfangsefnið – hugtakið stíl, hvornig má greina hann og loks viðhorf listamannsins til verkefna sinna sem var ætíð undirstaða þess sem hann var að fást við.


Það er rétt sem Gunnar tekur fram í upphafi síns máls að Ásmundur hafði á orði að hann liti á liststíla eins og rím sem bæri að nota eftir hentugleikum. En listamaðurinn kvað einnig fastar að

orði þegar hann sagði m.a. að sér leiddust allar deilur um listastefnur, því það væri ekki stefnan, heldur innihald verksins sem gæfi því gildi; það væri í raun höfuðsýnd hvers listamanns, ef hann festi sig í neti einhvers sérstaks stíls (Sjá Matthías Johannessen, „Bókin um Ásmund“).

En það er einnig rétt að athuga hvaða skilningur er lagður í þetta ofnotaða heiti. Gunnar bendir á að fornleifafræðingar, listfræðingar, heimspekingar nálgist stílhugtakið með mismunandi hætti, þannig að í raun sé það á stundum ónothæft í samræðum þeirra um listir. Því hafi orðið æ algengara hin síðari ár að greina það í tvennt – „annars vegar það sem kalla mætti formskrift (þ.e.a.s. hvornig form eða formleysur birtast á myndfletinum eða í höggmyndinni) og hins vegar persónulegan stíl listamannsins“. Bandaríski heimspekingurinn Arthur Danto hefur orðað þetta með því að segja einfaldlega að „stíllinn sé maðurinn, hins vegar sé hin greinanlega formgerð, háttalagðið eða aðferðin, sem aðrir geta tileinkað sér“.

Ásmundur Sveinsson á greinilega við formskriftina þegar hann talar um stíla í verkum sínum og í ritmið sinni rekur Gunnar mörg dæmi um þau formrænu tengsl sem finna má í verkum Ásmundar við samtímlistina jafnt sem þá þjóðlegu náttúrusýn sem var svo áberandi þáttur í öllu lífsstarfi listamannsins. Því til sönnunar tekur Gunnar einkum dæmi af verkum Ásmundar frá fjórða og fimmta áratugnum, en á því tímabili urðu mörg helstu verk hans að veruleika.

Sýningin fylgir þessu eftir. Í anddyri safnsins er að finna skóla- verk, en í salnum sem nú fyllir gamla íbúðarhúsið er bent á annað meginstef í ævistarfi Ásmundar – húsbýggingarnar. Það er vert að minna á að þessi listamaður byggði með eigin höndum, efnun og hugviti öll þau hús sem enn eru við hann kennd og þjóna listinni. Þar má fyrst nefna Ásmundarsal við Freyjugötu, sem hann hóf að byggja 1934, og svo þær byggingar sem nú mynda Ásmundarsafn



ÁSMUNDUR Sveinsson: „Móðir mín í kví, kví“ 1943.

við Sigtún, en listamaðurinn hófst handa við að reisa kúluhúsið 1942, frambygginguna tveim árum síðar og loks stóru bogaskemmuna 1954, þá orðinn rúmlega sextugur að aldri. Segja má að þessi byggingarstörf hafi einnig þjónað listrænum tilgangi, því í kjölfar þeirra fylgdu jafnan gróskumikill tími í listkópun Ásmundar.

Uppsetning sýningarinnar í bogunum tveimur er einkar vel heppnuð og hafa verk listamannsins sjaldan notið sín í þessum sölum sem nú. Rýmið dregur einstaklega vel fram áhrifamátt höggmyndanna sem hér eru sýndar í brónsi, tré og steini – dökk í hvítri umgjörð salanna. Hér hafa gestir því gott tækifæri til að fylgja eftir þeim hugleiðingum um formskrift og persónulega sköpun sem bryddað er upp á í texta Gunnars í sýningarskrá.

Í minni bogunum er einkum að finna verk Ásmundar frá fjórða áratugnum sem mörg hver eru löngu orðin að þjóðardýrgripum, þó sum þeirra hafi verið umdeild lengi vel; af slíkum má nefna „Járnsmiðinn“, „Vatnsberann“ og „Móður Jörð“, svo aðeins sé bent á þrjú verk sem ein og sér hefðu nægt til að halda nafni hans á lofti, en Ásmundur lagði grunninn að þeim öllum á sama árinu, 1936.

Hin magnaða höggmynd „Móðir mín í kví, kví“ (1943) er í heiðursæti í stærri bogasalnum, og fer

vel á því. Til beggja hliða má m.a. finna verk eins og „Helreiðina“ (1944), „Svört ský“ (1947) og „Höfuðlausn“ (1948), sem einnig væru hvert fyrir sig verðugt tilnefningar í flokk helstu verka listamannsins.

Þau listasöfn sem eru eingöngu helguð verkum einstakra listamanna hafa ekki alltaf notið þeirrar athygli sem vert væri. Hér er á ferðinni sýning sem ætti að höfða jafnt til hins almenna listunnanda og ferðamannanna sem flykkjast í safnið sem og þeirra stóru hópa æskufólks sem koma hundruðum saman þangað þessar vikurnar á vegum ýmissa sumarnámskeiða og fræðslustarfsemi utan hefðbundins skólatíma. Hinn almenni borgari ætti ekki síður að geta notið listar Ásmundar Sveinssonar en æskufólkið.

Ásmundur helgaði sitt ævistarfi því að ríma í formið og nota stíla eftir hentugleikum, en það er rétt að muna að í hans huga átti listin sér æðri tilgang sem hefur markað öll hans verk – og þess má glögglega sjá stað á sýningunni (Sjá Matthías Johannessen, „Bókin um Ásmund“, bls. 51):

„Öll list á að efla manninn í baráttu hans, brýna hann til átaka ... Ekkert getur aukið mönnum þroska eins og listin. Það er líka hlutverk hennar. Hún á að vekja, en ekki sefja.“

Eiríkur Þorláksson

Ásbjörn Ólafsson hf. Skútuvogi 11A Sími: 588 7900

í tilveruna



Aromat

Þessi gamla og góða blanda sem laðar fram rétta bragðið af fisk- og grænmetisréttum, sósum, súpum og salatsósum.



Fiskikrydd

Klassísk kryddblanda með sítrónubragði, sú rétta á steiktan og soðinn fisk. Gleymdu henni ekki næst þegar þú býrð til fiski- eða grænmetisgratín.



Grænmetisrydd

Kryddjurta- og kryddblanda sem kitlar bragðlaukana. Ómissandi í kaldar sósur, grænmetisalöt og gratín. Prófaðu hana líka í fiskrétti.



Grískt

hvitlaukskrydd Ekta hvítlauchsbragð sem svíkur engan. Prófaðu það á grillað lambalæri, humarinn og heita brauðið og þér finnst þú vera á Grikklandi.



Kjöt- og grillkrydd

Kryddblanda sem kallar fram rétta bragðið af öllu grilluðu og steiktu kjöti. Nokkur korn gera kraftaverk fyrir túnfisk- og rækjusalatið og kokteilsósuna.



-kemur með góða bragðið!